

Höfuðborgarsvæðið 2040



SSH


Samgönguáherslur svæðisskipulagsins

Hrafnkell Á. Proppé
Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins








Vöxtur er viðfangsefnið



Vöxtur er viðfangsefnið







Áhrif síðasta vaxtarskeiðs

Vöxtur í tölum


- Íbúar + 50%
- Land + 130%
- Bílar + 80%
- Umferð + 300%

Umhverfisáhrif

- Aukin losun gróðurhúsloftegunda
- Gengið á náttúrulegt umhverfi

Hagræn áhrif

- Óþarfa fjárfesting í landi og innviðum
- Hækkandi viðhalds- og rekstrarkostnaður
- Aukinn samgöngukostnaður
- Aukinn ferðatími



HLUTVERK

SAMÞYKKTIR

STJÓRN SSH

FUNDARGERÐIR STJÓRNAR

STARFSFÓLK

VERKEFNI

FRÉTTIR

MYNDIR ÚR STARFI

SAGA SSH

Höfuðborgarsvæðið sameinast um byltingu í almenningssamgöngum og nýja sýn á þróun byggðar

📅 29. JÚNÍ 2015

Nýtt svæðisskipulag til 2040 tekur gildi. Íbúum fjölgar um 70 þúsund. Hollusta neysluvatns tryggð. Nútíma borgarsamfélag mótað í nánú samstarfi sveitarfélaganna.

Nýtt svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, *Höfuðborgarsvæðið 2040*, hefur verið samþykkt í öllum sveitarstjórnnum og staðfest af Skipulagsstofnun. Með nýju svæðisskipulagi tekur jafnframt ný vatnsverndarsamþykkt gildi með breyttri skilgreiningu vatnsverndarsvæða.

Höfuðborgarsvæðið 2040 er sameiginleg stefna sveitarfélaganna Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kjósarhrepps, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar um náð samstarf, skipulagsmál og hagkvæman vöxt svæðisins næstu 25 árin, enda er höfuðborgarsvæðið eitt búsetusvæði, einn atvinnu- og húsnæðismarkaður með sameiginleg grunnkerfi, útivistarsvæði, auðlindir og náttúru. Hryggjarstykkið í stefnunni er *Borgarlína*, nýtt hágæða almenningssamgöngukerfi sem tengir kjarna sveitarfélaganna og flytur farþega með skjótum og öruggum hætti um höfuðborgarsvæðið.

Á Íslandi er einungis eitt borgarsvæði og sem slíkt gegnir höfuðborgarsvæðið veigamiklu hlutverki sem miðstöð stjórnsýslu, menntunar og menningar fyrir landið allt. Í nútímasamfélagi, þar sem fólk, fyrirtæki og fjármagn eru hreyfanleg, hafa öflug borgarsvæði sífellt meira vægi sem drifkraftur nýsköpunar og nýrra tækifæra. Það er lyklatríði í samkeppnisstöðu landsins að höfuðborgarsvæðið þróist í nútímalegt borgarsamfélag með alþjóðlegu yfirbragði þar sem lífskjör og tækifæri verði sambærileg við bestu borgir.

Síðustu áratugi hefur höfuðborgarsvæðið verið í örur vexti og byggðin dreifst um óvenju stórt svæði. Fjölgun íbúa mun halda áfram og árið 2040 verða þeir farnir að nálgast 300.000, gangi spár eftir. Með auknum vexti blasa við flóknar áskoranir, fyrirséðar og

Helstu áherslubreytingar

- Samþættingu samgangna og skipulags – uppbygging á svæðum sem hafa hátt þjónustustig almenningsgangna
- Betri nýtingu lands – Uppbygging innan vaxtarmarka
- Aukin hlutdeild almenningsgangna og virkra ferðamáta
- Aukið samstarf sveitarfélaga, ríkis og hagsmunaaðila

Nýtt svæðisskipulag leggur stóru línurnar – stefna, markmið og aðgerðir
















LEIÐARLJÓÐS 1




Hagkvæmur vöxtur höfuðborgarsvæðisins

Vaxtarmörk marka skýr skil milli þéttbýlis og dreifbýlis. Nýrri byggð verður fyrst og fremst beint á miðkjarna og samgöngumiðuð þróunar-
svæði. Samgöngu- og þróunarásar tengja sveitarfélögin saman og
leggja grunn að nútíma almenningssamgöngum.

KORT 11 – LANDNOTKUN MEGINDRÆTTIR

-  LANDSKJARNI
-  SVÆÐISKJARNI
-  BÆJARKJARNI
-  VAXTARMÖRK
-  VEGIR
-  FISKIHÖFN
-  ALÞJÓÐAFLUGVÖLLUR
-  VÖRUFLOTNINGAHÖFN
-  STÓRIÐJA
-  MIÐSTÖÐ PEKKINGAR OG NÝSKÖPUNAR
-  ÞÉTTBÝLI
-  DREIFBÝLI
-  NÁTTÚRA OG ÚTIVIST
-  VATNSVERND
-  MÖRK HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS



LEIÐARLJÓS 2



Skilvirkar samgöngur og nú tímalegt samgöngukerfi

Ferðapörf verður uppfyllt á skilvirkan* og fjölbreyttan máta.
Fólksfjölgun verður mætt án þess að álag á stofnvegakerfið aukist
í sama hlutfalli.



* Skilvirkni þéttbýlissamgangna felst í að uppfylla ferðaparfir fólks með sem minnstum tilkostnaði og umhverfisáhrifum

Eftirfarandi markmið, sem endurspeglar leiðarljós 2, eru sett fram sem stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040:

- 2.1** Á höfuðborgarsvæðinu verður raunhæft val um skilvirka samgöngumáta.
- 2.2** Hlutdeild almenningsgangna í öllum ferðum innan svæðisins árið 2040 verður a.m.k. 12%.
- 2.3** Hlutdeild göngu- og hjólreiða í öllum ferðum innan svæðisins árið 2040 verður a.m.k. 30%.
- 2.4** Meginstofnvegir tryggja greiða og örugga umferð fólks og vöru.

Markmiðin í samhengi við sambærilegar borgir

MODAL SPLIT IN NORDIC CITIES* (POPULATION 100 - 300 K)



* DATA FROM TEMS – THE EPOMM MODAL SPLIT TOOL DATABASE EXCEPT DATA FROM A TRAVEL SURVEY IN REYKJAVIK CONDUCTED BY CAPACENT IN 2011.

Aðgerðir sem snerta almenningssamgöngur

2.1.1 SSH, sveitarfélögin og ríkið kanni hvort skynsamlegt sé að halda áfram á þeirri leið að færa verkefni sem tengjast samgöngum yfir til landshlutasamtaka sveitarfélaga. Leggja þarf sérstakt mat á hvort hagkvæmt sé fyrir samfélagið allt að verkefni Vegagerðarinnar innan þéttbýlis á höfuðborgarsvæðinu verði færð til SSH.

2.1.7 Í skipulagi samgangna leitast sveitarfélögin við að uoöfvlla ferðabörf fólks með sem hagkvæmustum hætti. óháð ferðamáta. Sveitarfélögin vinna að því að litið verði heildstætt á samgöngur á höfuðborgarsvæðinu með því að grunnkerfi almenningsamgangna og hiólréiða fá sambærilega stöðu og stofnvegakerfið og fjármagn í stofnframkvæmdir viðhald og rekstur í áætlunum ríkisins. Með heildstæðri sýn hins opinbera á fjármagn til samgangna verði stuðlað að því að hagkvæmasta leiðin að markmiðum hverju sinni verði valin.

2.2.6 Sveitarfélögin vinna með svæðisskipulagsnefnd og SSH nánari greiningu og ákvarða eins og hægt er legu hágæðakerfis almenningsamgangna og útfærslu samgöngu- og þróunaráss. Þeirri grunnvinnu á að ljúka fyrir lok árs 2016. Sveitarfélögin innleiða að því loknu legu hágæðakerfis og helstu stoppistöðvar almenningsamgangna í aðalskipulagsáætlanir.

2.2.9 Vegagerðin taki þátt í nánari greiningu og ákvörðun um legu hágæðakerfis almenningsamgangna og útfærslu samgöngu- og þróunaráss. Þeirri grunnvinnu á að ljúka fyrir lok árs 2016.

3.2.5 SSH kannar til hlitar möguleika og hagkvæmni þess að tengja nýtt hágæðakerfi almenningsamgangna við Keflavíkurflugvöll.

